

Um 7. Stefnda hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Hér að framan hefur verið rakin sjúkrasaga stefnanda og meiðslum hans lýst. Með hliðsjón af því svo og öðru því, er hér skiptir máli, þykja þjáningabætur stefnanda til handa hæfilega ákveðnar kr. 8.500,00. Málalok verða því þau, að bætur til stefnanda teljast kr. 35.322,00 (3.675,00 + 152,00 + 995,00 + 22.000,00 + 8.500,00), þar af hefur stefnda þegar greitt kr. 28.675,00 (4.822,00 + 23.853,00). Verður stefnda því dæmt til að greiða kr. 6.647,00 (35.322,00 ÷ 28.675,00) með vöxtum svo sem krafist er.

Eftir þessum málalokum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000,00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Kaupfélag Borgfirðinga, greiði stefnanda, Jóni Þorsteinssyni, kr. 6.647,00 með 6% ársvöxtum frá 8. desember 1950 til greiðsludags og kr. 1.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1954.

Nr. 123/1953. **Valtýr Þorsteinsson** (Theodór B. Líndal)
gegn

Skipaútgærd ríkisins (Hermann Jónasson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Björgunarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 13. ágúst 1953 og áfrýjað málinu með stefnu 17. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur samkvæmt áfrýjunarleyfi 7. sept-

ember 1953 skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. s. m. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 170.000,00, en til vara lægri fjárhæð, ásamt 6% ársvöxtum frá 6. desember 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst gagnáfrýjandi og sjóveðréttar í v/s Akraborg, E.A. 50, til tryggingar fjárhæðum þeim, sem dæmdar kunni að verða.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að hjálp sú, sem veitt var skipi aðaláfrýjanda, hafi verið björgun. Þykja bjarglaun gagnáfrýjanda til handa hæfilega ákveðin kr. 90.000,00. Ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum eins og krafist er svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 16.000,00. Á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í v/s Akraborg, E.A. 50, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Dómsorð :

Aðaláfrýjandi, Valtýr Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 90.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. desember 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 16.000,00.

Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í v/s Akraborg, E.A. 50, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur

30. desember 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Skipaútgerð ríkisins höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, út gefinni 6. des. 1951, gegn Valtý Þorsteinssyni, eiganda m/s Akraborgar, E.A. 50, til greiðslu björgunarlauna, kr. 170.000,00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þar með matskostnaðar, kr. 2.200,00. Einnig krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Akraborg til tryggingar kröfum sínum.

Stefnandi hefur og stefnt vátryggjendum skipsins, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, til réttargæzlu, en ekki borið neinar kröfur fram á hendur því.

Stefndi hefur krafizt þess að verða einungis dæmdur til að greiða hæfilega þóknun að mati dómsins fyrir aðstoð og drátt skipsins svo og, að málskostnaður falli niður.

Málavextir eru þessir: Aðfaranótt laugardags 19. maí 1951 var Akra- borg að lúðuveiðum ca. 130—140 sjómílur NV frá Reykjavík. Á fjórða tímanum bilaði vélin snögglega og stöðvaðist. Kom í ljós við athugun, að fremri „krúmtappa“-legan var úr brædd og brotin og vélin því ekki gangfær. Skipstjóri talaði þá við stefnda í gegnum Reykjavíkurradio og bað hann um að útvega aðstoð til að koma skipinu til lands. Kl. 8.05 var v/s Sæbjörg send af stað til hjálpar skipinu. Kl. 10 var haft talsamband milli skipanna, og síðan var Akraborg miðuð öðru hverju. Á sunnudagsmorgun kl. 3.40 sáu menn á Sæbjörgu Akraborg, er flatrak fyrir sjó og vindi, og kl. 4.07 kom Sæbjörg að henni. Voru skipin þá 170 sm. NV frá Reykjavík. Átján mínútum síðar var lokið við að koma dráttartaug milli skipanna, og var þá lagt af stað til Hafnarfjarðar og skipinu skilað þar við bryggju mánudaginn 21. maí kl. 14.40. Telur stefnandi, að hér sé um að ræða ótvíræða björgun, og hefur því höfðað mál þetta til heimtu björgunarlauna. Að tilhlutan hans mátu dómkvaddir menn m/s Akraborg með reiða, seglum, vélum og öllum búnaði kr. 841.700,00

Veifarferi	—	18.000,00
Afla	—	3.600,00

Alls kr. 863.300,00

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að hér sé ekki um björgun að ræða, enda hafi skipið ekki verið í neinni hættu og búið seglum, er það gæti notað til að sigla til lands. Einnig hafi verið sá möguleiki að taka annan stimpilinn úr sambandi og láta vélina ganga aðeins á hinum. Hafi aðstoð Sæbjargar verið í því einu fólgin, að unnt var að gera við vélina fyrr en ella, og einnig því, að önnur skip, sem nærri voru, þurftu þá ekki að hætta veiðum til þess að draga Akra- borg til lands.

Bilun þá, er að vélinni kom, var mjög erfitt að bæta í rúmsjó. Í skipinu var að vísu til varalega, en til þess að setja hana í vélina þurfti að taka upp „cylindrana“, en þeir eru þyngri en svo, að skipsmenn gætu framkvæmt það verk úti í rúmsjó vegna veltings á skipinu. Sömu vandkvæði voru á því að taka stimpilinn úr sam- bandi. Verður því að telja útilokað, að Akraborg hefði náð landi fyrir eigin vélarafli. Seglabúnaður Akraborgar var stagfokka, stór- segl og skutsegl. Þótt upplýst sé, að hér var um gaffalsegl að ræða, þykir verða að telja ljóst, að seglabúnaður þessi hefði ekki reynzt nægur til, að Akraborg gæti náð landi með hans tilstyrk, enda liggja frammi gögn um það, að vindáttin var óhagstæð í marga daga, eftir að vélin bilaði. Verður af þessu að telja sýnt, að Akraborg var í slíkri hættu stödd, að hér var um að ræða björgun í skilningi sigl- ingalaganna. Björgunin tókst vel og var af hendi leyst með flýti og

verklagni og án þess að stofnað væri í hættu Sæbjörgu og áhöfn hennar. Við björgunina ónýttist dráttartaugin, sem var 30 faðma langt „grastóg“, en skemmdir urðu ekki aðrar á skipunum eða því, sem þeim til heyrði. Þegar virt eru þau atriði, sem nú voru greind, og hliðsjón höfð af verðmætum þeim, sem bjargað var, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 80.000,00. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum eins og krafizt var svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 9.500,00, og er þar í falinn matskostnaður. Einnig ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í m/s Akraborg til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminn kváðu upp Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Jónas Jónasson skipstjóri og Þorsteinn Árnason vélstjóri.

Dómsorð :

Stefndi, Valtýr Þorsteinsson, greiði stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 80.000,00 með 6% ársvöxtum frá 6. des. 1951 til greiðsludags og kr. 9.500,00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í m/s Akraborg, E.A. 50, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1954.

Nr. 122/1953. **Sigfús Baldvinsson** (Theodór B. Lindal)
gegn

Skipaútgerð ríkisins (Hermann Jónasson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Björgunarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst hann lækkunar á dæmdum bjarglaunum, að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og gagnáfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.